

Mál nr. 59/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á gatnamótum Hlíðarvegs og Króksbrekku á Ísafirði hinn 12.1.2012.****Gögn.**

29. Málskot, móttækið 9.2.2012, ásamt fylgigögnum.

30. Bréf X, dags. 5.3.2012.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til vesturs eða upp Króksbrekku og beygt áleiðis til hægri norður Hlíðarveg. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið suður Hlíðarveg. Rákust þá saman vinstra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B. Bjart var af degi, en snjóþekja og hálka á akbraut þegar áreksturinn varð. Lögregla kom á vettvang og gerði skýrslu um áreksturinn.

Ökumaður A kvaðst hafa litið til suðurs eftir umferð á Hlíðarvegi en enga séð. Þegar hann hafi verið kominn áleiðis inn á Hlíðarveg hafi hann séð hvar B var ekið suður Hlíðarveg norðan gatnamótanna. B hafi verið ekið mjög innarlega á veginum, þ.e. vinstra megin við akstursstefnu. Hann hafi hemlað en í þann mund hafi B verið beygt til hægri en afturhorn hennar hafnað á framhorni A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið nálægt miðju akbrautar þar sem bifreiðum hafi verið lagt vestan megin á Hlíðarvegi. Er hann hafi nálgast Króksbrekku hafi A skyndilega verið ekið rösklega af henni inn á Hlíðarveg. Hann hafi beygt til hægri en árekstri hafi ekki verið forðað.

Álit.

Leiðir bifreiðanna áttu ekki að skerast er þær mættust á Hlíðarvegi. Er ökumaður A beygði til hægri bar honum að aka sem næst hægri brún akbrautar og taka beygjuna eins krappa og unnt var, sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Að sama skapi bar ökumanni B að vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt var með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 14. gr. ufl. Á vettvangi mátti greina hjólför sem ökumaður A kvað vera eftir B og að þau sýndu staðsetningu B á akbrautinni þegar áreksturinn varð. Lögregla kvað á hinn bóginn ekki unnt að staðfesta að svo væri. Af fyrirliggjandi gögnum, þ. á m. ljósmyndum, verður ekki með óyggjandi hætti úr því skorið hvort áreksturinn verður rakinn til þess að A hafi ekki verið ekið sem næst hægri brún akbrautar eins og unnt var eða að B hafi ekki verið ekið eins langt til hægri eins og unnt var. Er því ósannað hvor ökumanna eigi í reynd sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu og atvikum öllum, sbr. 89. gr. ufl., ber að skipta sök að jöfnu á milli ökumannanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna skal bera helming sakar.

Reykjavík, 27. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.